



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Sent á netfangið umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 24. maí 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (erlendar fjárfestingar), 921. mál, 154. lögjafarþing

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (hér eftir „tskl.“) (erlendar fjárfestingar), 921. mál.

Samtökin fagna frumvarpinu í heild sinni og því markmiði fjármála- og efnahagsráðherra að liðka sérstaklega fyrir erlendra fjárfestingu í nýsköpun á Íslandi. Regluverk hér á landi er íþyngjandi fyrir erlenda fjárfesta og hamlar því erlendra fjármögnun í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum. Auðlind tækni- og hugverkafyrirtækja er nýsköpun sem grundvallast á rannsóknum og þróun og til þess að koma slíku fyrirtæki á legg þarf greitt aðgengi að fjármagni, sem er sökum smæðar landsins oft nauðsynlegt að sækja út fyrir landsteinana. Þessu til viðbótar koma erlendir fjárfestar og eftir atvikum sjóðir oft inn með dýrmæta þekkingu og alþjóðleg tengsl sem erfitt getur verið að nálgast hér á landi, sérstaklega í mjög sérhæfðum greinum iðnaðar. Nauðsynlegt er að líta heildstætt á rekstrar- og starfsumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja þegar kemur að erlendra fjárfestingu.

Það er því fagnaðarefni að stjórnvöld sýni vilja í verki og styðji við nýsköpun með þeim breytingum sem frumvarpið kveður á um. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar hafa aukist mikið á síðastliðnum árum og námu 266 milljörðum króna árið 2023. Mikill framtíðarvöxtur er í kortunum í greininni. Vilja samtökin nýta tækifærið og hvetja stjórnvöld áfram á þeirri vegferð að styðja við fjárfestingu í rannsóknum og þróun og þar með styrkja framboðshlið hagkerfisins. Samtökin gera engar athugasemdir við efnistöð frumvarpsins og vona að málið nái hratt og vel fram að ganga.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigríður Mogensen
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs



f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir
lögmaður